

## 81. fundur Atvinnumálanefndar Stykkishólmsbæjar mánudaginn 23. apríl 2012 með Eflingu Stykkishólms.

Mættir eru: Gyða Steinsdóttir, bæjarstjóri, Atvinnumálanefnd: Egill Egilsson, Heiðrún Höskuldsdóttir, Þorsteinn Sigurðsson, Magnús Bæringsson og Ólafur Guðmundsson.

Fh. Eflingar: Svanborg Siggeirsdóttir, Sesselja Pálsdóttir, Gréta Sigurðardóttir, Gunnlaugur Árnason og Svava Gísladóttir.

Efni fundarins: Umbeðinn af Eflingu til að ræða samstarf Eflingar og Atvinnumálanefnd.

- Svanborg fór yfir samskipti við nefndina og þá sérstaklega það sem áður hafði verið rætt að atvinnumálanefnd tilnefni áheyrnarfulltrúa á fundi Eflingar.
- Egill svaraði því til að ekki væru fastir fundartímar hjá atvinnumálanefnd en boðað væri til fundar eftir þörfum. Gyða fór yfir þá fundi sem haldnir hafa verið hjá atvinnumálanefnd. Málin rædd, atvinnumálanefnd spurð út í málefni sjúkrahússins og ástand atvinnumála almennt. Gyða Steinsdóttir sagði frá stöðu sjúkrahússins og fór yfir málin.
- Gunnlaugur Árna ræddi samstarf Eflingar og atvinnumálanefndar/bæjarstjórnar. Nefnt að starfsmaður Eflingar hafi séð um þessi samskipti þegar hann hefur verið starfandi. Fundarmenn sammála um að þessi samskipti séu mikilvæg og þurfi að ganga vel fyrir sig.
- Gyða sagði frá uppsetningu vefs á vegum Markaðsstofu Vesturlands, [www.visiticeland.com](http://www.visiticeland.com),
- Samskipti við Markaðsstofu rædd og Svanborg fór yfir kynningarmál /bæklingamál og samvinnu við Markaðsstofu.
- Svanborg upplýsti að Efling hefur ráðið starfsmann í 25% stöðu í sumar. Starfsmaður sem starfaði í 6 mánuði fyrir Eflingu í fyrra nýttist mjög vel. Félagsmönnum í Eflingu fjölgaði í 59.
- Rætt um lófaleiðsögn. Anna Melsted hefur unnið að uppsetningu á lófaleiðsögn og sagði Gyða okkur frá því að verkefnið sé komið vel á veg og vonandi verði efnið aðgengilegt til niðurbætur á heimasíðu bæjarins fyrir sumarið.
- Rætt um óbeinar auglýsingar og gildi þeirra. Ólafur lagði til að Efling nýtti sér þetta í samráði við bæinn.
- Gréta minnti á að við megum ekki sofna á verðinum, verðum að vera áfram fremst í flokki ferðaþjónustubæja.
- Svanborg spurði út í heimasíðumál og tengingu á lénið spa.is. Gyða svaraði þeim málum, spurning hvort að Efling þurfi ekki að láta vinna fyrir sig nýja heimasíðu. Ekkert mál að tengja hana við heimasíðu bæjarins.
- Rætt um hollustu heita vatnsins í Stykkishólmi. Hugmyndir komu fram um að vekja athygli á eiginleikum vatnsins og hvort ekki megi vinna lengra með hugmyndir viðvirkjandi því.
- Magnús minnti á að Efling þurfi að halda sjálfstæði sínu sem grasrótarsamtök þó að samstarf við bæinn sé gott.
- Rætt um stöðuna almennt, veitingahúsin, gistinguna ofl.

Fulltrúar Eflingar gengu af fundi kl. 18:50

Atvinnumálanefnd tilnefnir Egil Egilsson sem áheyrnarfulltrúa á fundi Eflingar og Ólaf Guðmundsson til vara.

Magnús óskaði eftir að fært yrði til bókar að boðað væri til funda með meiri fyrirvara með dagskrá og eftir atvikum með gögnum.

Ekki var rætt um fiskveiðistjórnunarfrumvörpin á fundinum en ákveðið að halda fund aftur á sama tíma að viku liðinni, 30. apríl 2012, kl.17:00.

Fundi slitið kl. 19.08

Fundargerð ritaði: Heiðrún Höskuldsdóttir

Egill Egilsson (sign),

Ólafur Guðmundsson (sign)

Þorsteinn Sigurðsson (sign)

Gyða Steinsdóttir, bæjarstjóri (sign)

Magnús Bæringsson (sign).

Heiðrún Höskuldsdóttir (sign)